



**Ferðamálastofa**  
**Icelandic Tourist Board**

Geirsgata 9 · 101 Reykjavík  
Sími: 535-5500 · Fax: 535-5501  
[upplýsingar@icetourist.is](mailto:upplýsingar@icetourist.is)  
[www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)  
[www.ferdalag.is](http://www.ferdalag.is)

Strandgata 29 · 600 Akureyri  
Sími: 535-5510 · Fax: 535-5511  
[upplýsingar@icetourist.is](mailto:upplýsingar@icetourist.is)  
[www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)  
[www.ferdalag.is](http://www.ferdalag.is)

*Alþingi*

*Erindi nr. P 1399/368*

*komudagur 16. 2. 2011*

Skrifstofa Alþingis  
Bt. Nefndasviðs  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 15. febrúar 2011

**Efni: Umsögn Ferðamálastofu við frumvarp til laga um framkvæmdasjóð ferðamannastaða.**

**Mál: 382 - Þskj.: 508**

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Ferðamálastofu um frumvarp til laga um framkvæmdasjóð ferðamannastaða (heildarlög), 382. mál.


Ferðamálastofa lýsir yfir ánægju sinni með að nú skuli loks verða til framkvæmdasjóður sem hefur það meginmarkmið að koma að undirbúningi, uppbyggingu og viðhaldi ferðamannastaða, þjóðgarða og friðlýstra svæða.

Ferðamálastofa gerir engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið en vill taka undir það sem kemur fram í greinagerð með frumvarpinu, um að allar áætlanir og framkvæmdir á ferðamannastöðum séu byggðar á vandaðri greiningu, rannsóknnum og undirbúningsvinnu sem miði að því að auka jákvæða upplifun af viðkomandi svæði. Mikilvægt er að geta í senn byggt upp innviði sem geta tekið á móti vaxandi fjölda ferðamanna, tryggt öryggi þeirra eftir bestu getu og boðið upp á nauðsynlega þjónustu. Jafnframt er með hliðsjón af sjálfbærnisjónarmiðum nauðsynlegt að náttúrufari og heildarmynd ferðamannastaða sé viðhaldið, umhverfisleg og menningarleg gæði þeirra tryggð, sem og sú upplifun sem ferðamenn sækjast eftir. Ferðamálastofa leggur áherslu á að áætlanir og framkvæmdir á ferðamannastöðum séu unnar af varkárni og virðingu fyrir viðkvæmri náttúru og sögu og séu byggðar á hugmyndafræði um ábyrga, faglega og sjálfbæra ferðamennsku.

Ferðamálastofa leggur til að stjórn sjóðsins marki sér vinnureglur þar sem m.a. er tekið tillit til gildandi ferðamálaáætlunar, áætlunar um ferðamennsku á hálendinu, náttúrverndaráætlunar, menningarstefnu í mannvirkjagerð og byggðaáætlunar.

Þá leggur Ferðamálastofa mikla áherslu á að tryggj sé að sá tekjustofn sem ætlaður er framkvæmdasjóði ferðaþjónustunnar renni óskertur til verkefna á sviði málaflokksins. Mjög brýnt er að byggja upp ferðamannastaði til að geta tekið á móti þeim aukna fjölda ferðamanna sem gert er ráð fyrir að sækj Ísland heim á komandi árum og þar með hlúa til framtíðar að sjálfbærri ferðaþjónustu til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag.

Virðingarfyllst,  
F.h. Ferðamálastofu

  
Sveinn Rúnar Traustason, umhverfisstjóri